

Mánudaginn 13. febrúar 1956.

Nr. 5/1955.

**Alþýðusamband Íslands f. h. Verkamanna-
félagsins Hlífar** (Jón Þorsteinsson hdl.)

gegn

**Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Vinnu-
veitendasambands Hafnarfjarðar vegna Lýsis
og Mjöls h/f** (Björgvin Sigurðsson hdl.).

**Dóminn skipuðu hinir reglulegu
dómendur.**

Trúnaðarmenn. Uppsögn trúnaðarmanns ekki talin refsiverð samkvæmt 11. gr. laga nr. 80/1938, þar sem trúnaðarmaðurinn lét ekki í ljós vilja til þess að starfa áfram hjá fyrirtæki því, sem sagði honum upp starfi.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu dags. 30. ágúst f. á. af Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkamannafélagsins Hlífar í Hafnarfirði gegn Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Vinnuveitendafélags Hafnarfjarðar vegna hlutafélagsins Lýsis og mjöls.

H/f Lýsi og Mjöl starfrækir í Hafnarfirði verksmiðju, sem vinnur úr fiski ýmsar fiskafurðir, svo sem mjöl og lýsi eftir því sem hráefni fellur til. Fer starfsmannafjöldi verksmiðjunnar á hverjum tíma eftir því, hvort hráefni er fyrir hendi til vinnslu eða ekki. Í byrjun maímánaðar s.l. ár (1955) munu starfsmenn þar hafa verið um 20 talsins, sérfróðir menn og verkamenn. Eigi munu að jafnaði færri starfsmenn en 9 taka kaup og vinna samkvæmt kjarasamningi Vinnuveitendafélags Hafnarfjarðar og Verkamannafélagsins Hlífar. Hefur Hlíf nefnt trúnaðarmann af sinni hálfu á vinnustað þessum. Hafði Sigvaldi Andrússon verkamaður gegnt þeim starfa í um það bil tvö ár samfleytt, og var enn trúnaðarmaður Hlífar í verksmiðju stefnda, er honum ásamt öllum öðrum starfsmönnum þar, var sagt upp störfum hinn 9. maí f. á., með viku fyrirvara, sam-

kvæmt gildandi kjarasamningi. Af hálfu hlutafélagsins hefur því verið haldið fram, að þessar uppsagnir hafi af því stafað, að ekki hafi þá verið fyrirsjáanlegt, að fyrir hendi yrðu fyrst um sinn eftir 16. maí hráefni til vinnslu. Úr þessu rættist þó, þar sem verksmiðjan fékk hráefni. Féll vinna ekki niður að þessu sinni og voru allir starfsmenn verksmiðjunnar endurráðnir áður en uppsagnirnar kæmu til framkvæmda og látnir halda áfram störfum að undanskildum 5 verkamönnum, og var trúnaðarmaðurinn Sigvaldi einn þeirra. Hætti hann vinnu í verksmiðju stefnda að liðnum uppsagnarfresti, en hóf þegar vinnu annarsstaðar. Hvorki hreyfði Sigvaldi neinum mótmælum gegn uppsögn sinni við forráðamenn verksmiðjunnar né heldur skýrði hann forráðamönnum félagsins Hlíf frá uppsögninni. Stjórn Hlífar tók málið hins vegar af sjálfsdáðum fljótlega til meðferðar. Átti formaður Hlífar tal við framkvæmdastjóra hlutafélagsins 3 eða 4 dögum eftir að Sigvaldi hætti vinnu. Heldur formaðurinn því fram, að hann hafi þegar krafizt þess, að Sigvaldi trúnaðarmaður væri tekinn aftur í vinnu. Framkvæmdastjórinn kannast hins vegar ekki við það, að formaðurinn hafi þá sett fram slíka kröfu, en viðurkennir, að þeir hafi rætt uppsögnina. Í bréfi dags. 23. maí f. á., sem formaður Hlífar ritar framkvæmdastjóra hlutafélagsins, er því haldið fram, að hlutafélagið hafi látið trúnaðarmanninn gjalda trúnaðarmannsstarfa sinna með því að taka hann ekki til vinnu aftur, er flestir aðrir starfsmenn hlutafélagsins voru endurráðnir. Telur formaðurinn þetta brot á kjarasamningi aðilja og 11. gr. laga nr. 80/1938, sem tekin er upp í bréfið. Lýkur bréfinu með þessum orðum: „Vér mótmælum harðlega nefndri framkomu yðar og krefjumst tafarlausrar lagfæringar af yðar hálfu.“

Framkvæmdastjóri verksmiðjunnar mótmælti bréflega hinn 25. maí ásökun formanns Hlífar. Kveðst hann hvorki hafa brotið samning sinn við Hlíf né 11. gr. laga nr. 80/1938. Neitar hann því eindregið, að trúnaðarmaðurinn hafi verið látinn gjalda trúnaðarmannsstarfa sinna og ekki hafi hann heldur verið misrétti beittur að því er varðaði rétt hans til áframhaldandi starfs, þar sem öllum starfsmönnum

um hafi verið sagt upp með réttum fyrirvara. Hins vegar kveður framkvæmdastjórinn, að sumir þeirra hafi ekki verið endurráðnir, þar sem í ljós hafi komið, að þeir höfðu þegar ráðið sig til annarra starfa og meðal þeirra hafi einmitt verið trúnaðarmaðurinn Sigvaldi.

Samkvæmt ákvæðum gildandi kjarasamnings var leitað sætta með deiluaðiljum hinn 9. júní f. á. um ágreining þeirra, en án árangurs. Höfðaði stefnandi síðan mál þetta svo sem að framan greinir, og hefur hann gert þær dómkröfur, að dæmd verði sekt á hendur stefnda, h.f. Lýsi og Mjöli, fyrir brot á 11. gr. laga nr. 80/1938. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Í máli þessu er því haldið fram af stefnanda, að hlutafélagið hafi viljað losna við Sigvalda sem trúnaðarmann vegna þess, að forráðamönnum þess hafi þótt hann um of afskiptasamur um það, að fylgt væri nákvæmlega gerðum kjarasamningum. Hafi félagið því beitt þeirri aðferð, að segja upp öllum starfsmönnum sínum að formi til, enda þótt vit að væri, að verksmiðjan hefði jafnan fleiri eða færri menn í þjónustu sinni, þótt hráefni til vinnslu væri ekki fyrir hendi eða af skornum skammti. Í framkvæmd hefðu þessar uppsagnir líka farið þannig fram, að ýmsir starfsmenn hefðu verið endurráðnir jafnframt því sem þeim var sagt upp. Telur stefnandi samkvæmt þessu, að hlutafélagið hafi með sýndar uppsögnum verið að ná sér niðri á Sigvalda trúnaðarmanni og bola honum í burtu og með því brotið ákvæði fyrri málsliðar 11. gr. laga nr. 80/1938.

Stefndi hefur eindregið mótmælt þessu. Kveður hann, að uppsagnirnar hafi að öllu leyti verið eðlilegar og aðeins komið til af fyrirsjáanlegum hráefnisskortri, sem reyndar hafi rættzt úr á síðustu stundu og því ekki komið til stöðvunar. Hins vegar hafi menn þeir, sem strax var gefið fyrirheit um endurráðningu verið starfsmenn með sérþekkingu umfram Sigvalda, og hafi þá þegar verið vitað, að verksmiðjan þurfti að einhverju leyti á mönnum að halda með slíka starfsþekkingu. Kveðst stefndi engar sakir hafa haft á Sigvalda, hvorki

sem verkamann né trúnaðarmann og samkomulag hans við verkstjórnarmenn verksmiðjunnar yfirleitt verið gott.

Það er upp komið í máli þessu, eins og áður er að vikið, að starfsmannafjöldi í verksmiðju stefnda er mismunandi eftir þeim verkefnum, sem fyrir hendi eru, og verkamönnum fækkað og fjölgað eftir þörfum með uppsögnum og ráðningum eins og gengur og gerist. Það er enn upplýst, að alltaf starfi þar nokkrir menn með mismunandi kunnáttu til starfa og einnig er það viðurkennt, að eigi hafi áður öllum verið sagt upp starfi, þótt ætlunin væri aðeins sú að fækka starfsmönnum, eins og til stóð í maí 1955. Þrátt fyrir þetta þykja þó ekki gegn eindreginni neitun stefnda, vera fyrir hendi nægar sannanir fyrir því, að það hafi verið tilætlun forráðamanna hlutafélagsins með hinum almennu uppsögnum, að ná sér niðri á Sigvalda trúnaðarmanni vegna starfs hans sem trúnaðarmanns, og ber því að sýkna hlutafélagið af kærnu stefnanda fyrir brot á 1. málsg. 11. gr. nefndra laga.

Þá hefur stefnandi haldið því fram, að forráðamenn hlutafélagsins hafi af ráðnum huga sniðgengið Sigvalda er þeir, eins og hann orðaði það, féllu frá uppsögnum sínum í maí 1955, en réðu til starfa áfram menn, sem ekki hefðu staðið Sigvalda framar að starfshæfni, og þannig látið undir höfuð leggjast að bjóða honum áframhaldandi vinnu. Kveður stefnandi, að með þessari háttsemi forráðamanna sinna hafi hlutafélagið gerzt brotlegt við síðari málslið 11. gr. laga nr. 80/1938, en þar sé boðið, að trúnaðarmaður skuli að öðru jöfnu sitja fyrir um vinnu, ef atvinnurekandi þarf að fækka við sig starfsmönnum.

Stefndi hefur mótmælt því, að hafa brotið nefnt ákvæði. Byggir hann þá staðhæfingu sína á því, að Sigvaldi hafi ekki af sinni hálfu leitað eftir áframhaldandi vinnu hjá hlutafélaginu eftir að honum sem öðrum var sagt upp, enda hafi forráðamönnum þess borizt til eyrna um það bil er uppsagnir fóru fram, að Sigvaldi mundi ætla sér að fara úr þjónustu hlutafélagsins. Sú hafi og orðið raunin á, að hann hafi strax byrjað að vinna hjá öðrum vinnuveitanda, er hann fór úr þjónustu hlutafélagsins og aldrei orðað það við

forráðamenn þess, að hann fengi þar vinnu áfram. Þá heldur stefndi því og fram, að þeir starfsmenn, sem endurráðnir voru hafi verið Sigvalda fremri um starfshæfni og hafi reglan „að öðru jöfnu“ því alls ekki verið brotin, þótt aðrir sætu fyrir honum um endurráðningu.

Svo sem að framan er greint, hefur því eindregið verið haldið fram af stefnanda og Sigvalda trúnaðarmanni, að ýmsir þeirra manna, sem voru endurráðnir til starfa í verksmiðjunni, hafi eigi að neinu leyti staðið Sigvalda framur um starfshæfni. Hefur stefnandi í því sambandi beinlínis nefnt störf fjögurra nafngreindra manna, sem héldu áfram störfum, er Sigvaldi fór. Verkstjóri hlutafélagsins í verksmiðju þess hefur hér fyrir dómi skýrt frá því, að verksmiðjan hefði að einhverju leyti þurft á mönnum að halda til venjulegrar verkamannavinnu, að visu ekki fastráðnum, enda þótt vinnsla hefði ekki haldið áfram og jafnframt kvað hann einhverja þá verkamenn ávallt hafa verið í þjónustu verksmiðjunnar, sem ekki hefðu haft sérþekkingu til ákveðinna starfa. Það kom einnig fram í vætti hans, að ekki hefðu æfðari né lærðari menn tekið við störfum Sigvalda, en þó sagði hann, að Sigvaldi hefði ekki verið endurráðinn sökum þess, að þeir sem ráðnir voru aftur, hefðu verið honum fremri að starfshæfni.

Þegar athugað er það, sem fram hefur komið um störf og starfshæfni Sigvalda, þykir nægilega í ljós leitt, að hann hafi um almenna starfshæfni staðið jafnfætis sumum þeim starfsmönnum, sem endurráðnir voru. Átti hann því rétt til áframhaldandi vinnu í verksmiðju stefnda samkvæmt reglu 2. másl. 11. gr. laga nr. 80/1938 um forgangsrétt trúnaðarmanna að öðru jöfnu. Og þar sem rekstur verksmiðjunnar og starfsemi hélt óslitið áfram að uppsagnarfresti liðnum, bar forráðamönnum hennar af sjálfsdáðum að gefa honum kost endurráðningar.

Stefndi hefur í málflutningi sínum lagt áherzlu á það, sér til sýknu, að Sigvaldi hafi ekki sjálfur falað vinnu áfram, eftir að honum var sagt upp og kveður, að Sigvalda hafi m. a. ekki verið boðin endurráðning vegna þess, að forráðamenn hlutafélagsins hafi litið svo á, að hann hefði í þann

mund er endurráðningar hófust, þegar ákveðið að fara úr þjónustu félagsins. Hann mundi hins vegar hafa verið endurráðinn, ef hann hefði óskað þess.

Samkvæmt vætti Sigvalda og vottorði samstarfsmanna hans kemur að vísu fram, að það hafi hvarflað að Sigvalda, að hætta störfum í verksmiðju stefnda. Hann kveðst þó ekki hafa leitað eftir vinnu annarsstaðar fyrr en eftir að honum hafði verið sagt upp, og ekki er gegn mótmælum stefnanda sannað, að hann hafi ráðið sig til verka annars staðar fyrr en sama daginn og hann hætti störfum hjá stefnda. Verður ekki talið, að forráðamenn stefnda hafi haft gilda ástæðu til þess að ætla, að Sigvaldi væri ráðinn annars staðar eða mátt af þeim sökum láta undir höfuð leggjast að bjóða honum sem trúnaðarmanni endurráðningu. En þegar litið er til þess hins vegar, að hann fór úr þjónustu hlutafélagsins án þess að hreyfa nokkrum mómælum gegn uppsögninni við forráðamenn þess og lét ekki í ljós við stéttarfélag sitt, sem nefnt hafði hann trúnaðarmann, ósk um, að það héldi uppi rétti hans til starfa hjá hlutafélaginu, þá þykja ekki vera efni til þess, að dæma refsingu á hendur téðu hlutafélagi.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að sýkna stefnda, af kröfum stefnanda og rétt þykir, að hvor aðilja beri sinn kostnað af málinu.

Dómsorð:

Stefndi, Vinnuveitendasamband Íslands f. h. Vinnuveitendafélags Hafnarfjarðar vegna h.f. Lýsis og Mjöls, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands f. h. Verkamannafélagsins Hlífar, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.
